

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

68

5. maí

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. maí 1948.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

Árni G. Eylands.

## VIÐAUKI

69

11. maí

við reglugerð nr. 34 15. febr. 1946, um eyðingu refa í Strandasýslu.

Fari grenjavinnslukostnaður fram úr kr. 50.00 á hvern búanda í hreppi, greiðir sýslusjóður helming af því, sem umfram er þá upphæð, þó aldrei yfir kr. 1000.00 í einstakan hrepp á ári.

Skal hlutaðeigandi hreppsnefndaroddviti senda oddvita sýslunefndar fullnægjandi greinargerð um grenjavinnslukostnaðinn í sínum hreppi í lok reikningsár, og greiðir oddviti sýslunefndar þá úr sýslusjóði þann hluta kostnaðarins, sem sýslusjóði ber að greiða samkv. framanrituðu.

Viðauki þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar, til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. maí 1948.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Kristins 70 Haraldssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. maí 12. maí 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Halldórs Kristins Haraldssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldórs Kristins Haraldssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega Svarfdælinga til búnaðarnáms.

70

12. maí

3. gr.  
Sjóðurinn er myndaður af 500 — fimm hundruð — króna gjöf frá fjölskyldunni í Bakkagerði og félögum í Ungmennafélaginu Þorsteinn Svörfuður.

4. gr.

Ætlast er til að sjóðurinn fái tekjur sínar á þann hátt, er hér greinir:

- a. Árlegt framlag frá UMF Þorsteinn Svörfuður, er sé 10% af nettótekjum félagsins ár hvert þar til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., þó aldrei minna en 25.00 kr. á ári.
- b. Með gjöfum einstakra manna og félaga.
- c. Með áheitum og dánarminningum.

5. gr.

Ungmennafélaginu Þorsteinn Svörfuður er falin forsjá og efling sjóðs þessa og kýs það á aðalfundi sínum ár hvert 3 menn í stjórn sjóðsins og tvo endurskoðendur.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 kr., má byrja að úthluta styrkjum úr honum, þó ekki meira en  $\frac{3}{4}$  hlutum árlegra vaxta, en þegar sjóðurinn er orðinn 15000 kr. er leyfilegt að verja til styrktar úr honum öllum árlegum tekjum hans.

7. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

- a. Að ávaxta sjóðinn á sem hagfelldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og hafa með höndum allt reikningshald sjóðsins og skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins á aðalfundi Ungmennafélagsins Þorsteinn Svörfuður ár hvert.
- b. Stjórninni ber að ákveða, hverjir njóta skulu styrks úr sjóðnum á hverjum tíma.
- c. Stjórnin skal halda skrá yfir allar þær tekjur, er sjóðurinn fær samkvæmt b- og c-lið 4. greinar.
- d. Heimilt er stjórninni að verja fé úr sjóðnum til útgáfu minningarspjalda.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða að fimm árum liðnum. Þó skulu þrjár fyrstu greinarnar ætíð standa óbreyttar.

9. gr.

Þó að Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður leysist upp, skal sjóðurinn halda áfram að starfa undir umsjá hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.